

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

6. fundur stjórnar L.H. haldinn föstudaginn 21. mars 1997 kl. 14:00.

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið.

Mætt voru:

Birgir Sigurjónsson, Halldór Gunnarsson, Birgir R. Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigbjörn Björnsson, Sigurður Þórhallsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigurður Ragnarsson, Sigríður Sigþórsdóttir.

1.-2. Fundargerðir 4. og 5. fundar, samþykktar athugasemdalaust.

3. Formaður gerði grein fyrir úrskurði agadómstóls L.H. v. Gýmismálsins. Stjórnin var sammála um að senda út fréttatilkynningu og koma einnig upplýsingabréfi til formanns og skrifstofu FEIF.

4. Störf starfsnefnda.

a) Ferða og umhverfismálanefnd.

Sigríður gerði grein fyrir að 25 félög væru búin að fá bréf v. skipulagningar miðhálendis með kortum. Unnið er markvisst að þessum málum og vonast er eftir góðum viðbrögðum félaganna.

Einnig kom fram að fleiri mál tengd ferða og umhverfismálum eru í gangi, á Snæfellsnesi og í tengslum við þjóðgarðana. Nefndinni falið að gera grein fyrir fjárbörf sinni hverju sinni.

Umræða varð um áningaráhlíf sem hestamenn hafa komið upp á ferðaleiðum, en ýmsir nýta t.d. hestaleigur og aðrir, án þess að nokkuð sé greitt fyrir aðstöðuna.

b) Sameiningarnefnd.

Birgir gerði grein fyrir því að fundur hefði verið 4. mars í nefndinni. Ákveðið var að fara með vissar spurningar til æðstu manna í ÍSÍ og koma með ný drög að lögum á næsta þing L.H. í haust. Nefndin ætlar að leggja fram skriflegar spurningar og ætlast til að fá skrifleg svör frá ÍSÍ.

Stjórnin sammála um að þetta væri í réttum farvegi.

5. Fjármál.

Framkvæmdastjóri lagði fram hugmyndir að viðbóartekjustofnum L.H. (sjá meðf. samantekt. Fjörug umræða varð um fjármál. Halldóri og mótanefnd falið að koma með mótaðar hugmyndir vegna skráningargjalda og um móti milli landsmóta þ.e. fjórðungsmótin á næsta fund stjórnar.

6. Kynnt bréf mótanefndar vegna fundar á Akureyri 26. apríl.

Bréfið sent formönnum hestamannaflaganna 25. mars. Sjá það.

7. Afgreiðsla bréfa.

a) Bréf dags 21. mars frá hestamannaflaginu Andvara vegna aðalskipulags Garðabæjar og reiðvega í Heiðmörk. Beiðni um stuðning vegna þessa. Birgi formanni, Birgi Rafni, Sigríði og Sigurði Ragnars. falið að semja greinargerð og reyna að höggva á hnútinn. Stjórnin leggur áherslu á að svona alvarlegt mál fái farsæla lausn.

b) Bréf frá Ferðamálaráði.

Umsókn um styrk til umhverfisbóta á ferðamannastöðum. Þar er okkur veittur styrkur að upphæð 150 þúsund krónur til uppgräðslu við Álftárvötn í Ófærudal. Þakkarbréf sent 7. mars þar sem við lofum að uppfylla sett skilyrði Ferðamálaráðs.

c) Bréf til Dýraverndarráðs í Umhverfisráðuneytinu vegna leyfa löggreglustjóra um mótaþald samkvæmt ákvæðum í nýjum dýraverndarlögum. Framkvæmdastjóri leysti málid með Árna Matthiesen þingmanni.

8. Aðkallandi verkefni:

a) Sigurður framkvæmdastjóri greindi frá því að nú þyrti að vinna að því að fá aukið fjármagn til reiðvegagerðar vegna vegaáætlunar sem er til afgreiðslu á Alþingi með því að tala við þingmenn og Vegagerð vegna afgreiðslu þessara mála.

b) Umsókn til Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins um styrkveitingar vegna landsmóts 1998 og Heimsleikanna í ár. Stilla þarf strengi saman við önnur félög, Félag hrossabænda, framkvæmdanefnd landsmóts 1998 og landsliðsnefnd HÍS.

c) Nauðsynlegt að boða fund í FEIF nefnd sem fyrst. Skoða hugmynd um íslenska daga í Noregi vegna HM'97.

Önnur mál:

Starfsmannamál:

Ingibjörg stendur við sína uppsögn. Ákveðið var að auglýsa hálfst starf a.m.k.

75 ára afmæli Fáks 24. apríl 1997.

Ath. reglur um afmælisgjafir. Framkvæmdastjóra falið að móta tillögur.

Rædd heimsókn til Alberts Jóhannessonar í Skógum. Framkvæmdastjóra falið að finna dag.

Næsti fundur 25. apríl á Akureyri.

Sigbjörn Björnsson ritaði þessa fundargerð.